


Vodafone netbeinir



Leiðbeiningar fyrir Internet
um ADSL eða ljósleiðara.



Svona tengir þú netbeininn


1 ADSL

Tengdu netbeini og síma

Settu beininn upp miðsvæðis til að þráðlaust net dreifist sem víðast. Tengdu stuttu snúru **ADSL-tvítengisins** í símtengi í veggnum.

Settu símasnúru í **ADSL-tengi** tvítengisins og hinn endann í gráa tengið merkt **DSL** á beininum.

Settu símasnúruna fyrir heimasímamann í **PHONE-tengið** á tvítenginu.




1 Ljósleiðari

Tengdu netbeini og síma

Tengdu heimasímamann í **Phone1-tengi** netaðgangstækis ljósleiðara.


Settu netsnúru í **WAN-tengi** netbeinisins og hinn endann í **ETH1 eða ETH2-tengi** netaðgangstækis ljósleiðara.

Tengið nú rafmagn, sjá **skref 2** á vinstri síðu.



2 Tengdu rafmagn

Tengdu beininn við **rafmagn** með því að setja straumbreytinn í samband við innstungu og hinn endann í rafmagnstengi beinisins. Kveiktu á beininum með því að setja **ON/OFF-takkann** á ON (strikið). Þá ræsist beinirinn, sem getur tekið allt að 5 mínútum. Ná hinn netsambandi logar ljósið merkt „Internet“ á framhlið beinisins.




3 Tengdu tölvuna

Tölvu er hægt að tengja **þráðlaust** eða með **snúru**. Til að tengja með snúru setuðu snúru í **Ethernet-tengi** **1, 2 eða 3** á beininum. Til að tengjast þráðlaust skaltu byrja á að opna yfirlit yfir þráðlaust net í tölvunni. Það er mismunandi eftir stýrikerfum.



Athugið, netbeinirinn gæti þurft að sækja uppfærslu við fyrstu tengingu. Uppfærslan getur tekið 5-10 mínútur og mun netbeinirinn endurræsa sig að henni lokinni.



- » **Tölvur með Windows XP:** Hægrismelltu á merki þráðlausa netsins hjá klukkunni neðst til hægri og veldu „View Available Wireless Networks“
- » **Tölvur með Windows Vista:** Hægrismelltu á merki þráðlausa netsins hjá klukkunni neðst til hægri og veldu „Connect to a network“
- » **Tölvur með Windows 7:** Smelltu á merki **þráðlausa netsins** hjá klukkunni neðst til hægri.
- » **Tölvur með Apple Mac:** Smelltu á merki **þráðlausa netsins** hjá klukkunni.

Í glugganum eða valmyndinni sem birtist skaltu leita að þráðlausu neti sem samsvarar heiti **SSID tengingarinnar** á miðanum neðst á bakhlið beinisins. Þegar þú hefur fundið það skaltu gera eftirfarandi:

- » **Windows XP:** Tvísmelltu á **heiti** þráðlausa netsins.
- » **Windows 7:** Smelltu á „Connect“ við heiti þráðlausa netsins.
- » **Apple Mac:** Smelltu á **heiti** þráðlausa netsins.

Sláðu svo inn lykilorðið sem merkt er WPS presharekey á kennimiða beinisins. ATH: Ef þú ert með Windows XP þarf að slá lykilorðið inn tvisvar. Smelltu svo á Connect (Windows XP) eða OK (Windows Vista, 7 og Apple Mac). Tölvan ætti nú að ná sambandi við netbeininn.

EAN: 4 71837 015503
SSID: Vodafone_XXXXXX
WPS presharekey: XXXXXX
Pin code: XXXX Eign Vodafone

Kennimiði beinis


4

Tengdu sjónvarpið

Ef þú ert með Vodafone Sjónvarp um **ADSL** tengirðu myndlykilinn við **Ethernet4**-tengi beinisins.

Ef þú ert með Vodafone Sjónvarp um **Ljósleiðara** tengirðu myndlykilinn við **TV1 eða TV2-tengi** netaðgangstækisins ljósleiðara.

Nánari upplýsingar um tengingu Vodafone Sjónvarps er að finna í leiðbeiningum Amino-myndlykilsins.



Hafðu samband:

Ef þú hefur spurningar um Internet tengingu Vodafone eða þarft aðstoð skaltu ekki hika við að hafa samband. Þú getur haft samband við þjónustuver okkar í síma **1414**, sent **SMS á 1414** með spurningu eða beiðni um aðstoð eða notað vefinn okkar, **www.vodafone.is**.



Vodafone
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Sími 1414
vodafone.is

